

Ár 2014, mánudaginn 24. nóvember, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 8/2014:  
Pétur Marteinn Urbancic Tómasson  
og  
Kári Mímisson  
gegn  
Borðtennisdeild Víkings

Gögn málsins nr. 1 til 9 liggja frammi. Mættur er í dóminn Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, fyrir hönd kæranda. Af hálfu kærða var upplýst að fyrirsvarsmaður kærða kæmist ekki í fyrirtökuna.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

#### ÚRSKURÐUR:

##### I. Dómkröfur.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 17. október sl. Kærendur eru Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, kt. 090891-3679, Granaskjólí 50, 107 Reykjavík og Kári Mímisson, kt. 171192-2859, Granaskjólí 54, 107 Reykjavík. Kærði er Borðtennisdeild Víkings, kt. 660385-0379, Laugarásvegi 22, 104 Reykjavík. Fyrirsvarsmaður kærða er Pétur Stephensen, kt. 220552-2849, Laugarásvegi 22, 104 Reykjavík.

Málinu var úthlutað Hilmari Gunnlaugssyni dómara í dómstól ÍSÍ 24. október var kærða gefinn frestur til miðvikudagsins 29. október til að skila greinargerð í málinu. Þingfestingu fór þá fram án þess að mætt var af hálfu aðilanna, vegna mistaka við boðun. Var nýtt þinghald haldið 10. nóvember sl. og málinu þá frestað til aðalmeðferðar sem fram fór 17. nóvember sl.

Endanlegar dómkröfur kæranda eru svofelldar:

Kærendur krefjast þess að Grand Prix mót Pepsi verði endurtekið.

Til vara er þess krafist að Grand Prix mót Pepsi verði dæmt ógilt og ekki gefnir Grand Prix punktar fyrir mótið.

Dómkröfur kærða eru að kæran verði dæmd ógild og málinu vísað frá dómi.

##### II. Málsatvik.

Aðilar deila um lögmæti borðtennismóts í svonefndri Grand Prix mótaröð Borðtennis-sambands Íslands (BTÍ), sem haldið var af kærða laugardaginn 11. október sl.

Kærandi byggir á því að mótið hafi fyrst verið auglýst kl. 12.05 miðvikudaginn 8. október sl., en málatilbúnaður kærða verður skilinn svo að mótið hafi verið auglýst á mótaskrá BTÍ fyrr, en engin gögn voru lögð fram um slíka auglýsingu. Þá kveður kærði að mótið hafi verið auglýst sérstaklega með tölvupósti til allra formanna borðtennisfélaga á Íslandi og einnig mótanefndar.

Óumdeilt er að í auglýsingu um mótið kom ekkert fram um gerð og lit kúlna sem spila ætti með. Aðilar deila hins vegar um hvort komið hafi fram í auglýsingu hvernig skipulag mótsins yrði. Ekki virðist deilt um að í auglýsingu kom ekkert fram um verðlaun á mótinu.

Kærendur eru báðir skráðir félagsmenn í borðtennisdeild KR og tóku ekki þátt í mótinu. Fram kemur í kæru að kærandinn Pétur Marteinn hafi að kvöldi þriðjudagsins 7. október sl. skuldbundið sig til að vinna langt fram á nótt föstudagsins 10. október (aðfararnótt 11. október). Ekki liggur fyrir hvort kærendur fengu upplýsingar um mótið áður en skráningarfrestur var liðinn, en opið var fyrir skráningu til kl. 18 fimmtudaginn 9. október sl.

### III. Máltilbúnaður kæranda.

Kærendur segjast í kæru byggja aðal- og varakröfu sína á a lið greinar 36.1 í lögum BTÍ, sem verður skilið svo að átt sé við þá grein í lögum ÍSÍ.

Kærendur segja keppnisreglur BTÍ vera almennar reglur sem gildi um alla keppni á vegum BTÍ eins og titill regnanna beri með sér. Í 11. gr. keppnisreglna BTÍ séu talin upp skilyrði þess að mega gefa punkta fyrir mót. Þar sé m.a. nefnt að auglýsingar um punktamót skuli senda öllum félögum í BTÍ eigi síðar en 20 dögum fyrir mót. Önnur mót skulu auglýst af viðkomandi félögum og mótanefnd BTÍ. Þá séu talin upp atriði sem þurfi að koma fram í auglýsingu, s.s. gerð og litur kúlna, verðlaun, hvort raðað verði á töflu o.fl. Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt er mótanefnd BTÍ ekki heimilt að gefa punkta fyrir mót, sbr. 11. gr. keppnisreglna BTÍ. Orðalag reglugerðarinnar sé nú úrelt, en hún haldi engu að síður gildi sínu, sbr. 17. gr. laga BTÍ. Í stað punktamóta séu nú haldin þrenns konar mót; stigamót, aldursflokkamót og Grand Prix mót. Kærendur segja Grand Prix mótin að öllu leyti sambærileg við gömlu punktamótin. Það sem voru punktar í gömlu punktamótunum eru nú annars vegar stig á styrkleikalista BTÍ sem eru gefin á hverju móti og hins vegar punktar sem eru gefnir á Grand Prix mótum (og aldursflokkamótum). Þessir punktar ráði síðan því hvaða leikmenn fái þátttökuréttindi á lokamóti Grand Prix mótaraðarinnar og eru því að mati kæranda að öllu leyti sambærilegir þeim punktum sem nefndir eru í greininni. Hagsmunir kæranda af því að vera ekki komnir heilu móti eftir á í punktafjölda séu mjög miklir þar sem aðeins þrjú til fimm slík mót séu á hverju keppnistímabili, sbr. 1. gr. reglugerðar BTÍ um Grand Prix mót.

Kærendur segja að jafnvel þó fallast megi á að 20 dagar sé of langur fyrirvari vegna móta, þá sé það stjórnar BTÍ að breyta reglugerðum á hverjum tíma, en ekki borðtennisdeildar Víkings, sbr. lið 10.3 í 10. gr. laga BTÍ. Stjórn BTÍ geti breytt reglugerðum hvenær sem er og hvernig sem hún vill. Því verði að gera strangar kröfur til þess að farið sé að gildandi reglugerðum hverju sinni. Ljóst sé af gögnum málsins að mót þetta hafi verið auglýst með þriggja sólarhringa fyrirvara. Þá beri einnig að líta til þess að skráningarfrestur hafi einungis verið í 30 klst. frá því að mótið var auglýst, sem sé fordæmalaust að mati kæranda. Ekki sé tekið fram í lögum hve langur skráningarfrestur skuli vera, en kærendur telja fráleitt að ætla að félögum sé í sjálfsvald sett að ákveða þennan frest.

Kærendur benda á að í reglugerð um Grand Prix mót komi ekkert fram um hvernig skuli auglýsa Grand Prix mót, heldur sé eingöngu fjallað um hvernig draga skuli í mótin, enda séu það nánast einu reglurnar sem séu öðruvísi á Grand Prix mótum en öðrum mótum. Það leiði af a lið 2. gr. móta- og keppendareglna ÍSÍ að hafi sérsamband eigin móta- og keppnisreglur, skuli þær m.a. innihalda ákvæði um auglýsingar. Kærendur telja það blasa við að 11. gr. keppnisreglna BTÍ gildi um Grand Prix mót, enda engar aðrar reglur sem kveða á um auglýsingafrest. Það sé því ekki tæk niðurstaða að ekki þurfi að auglýsa mótin. Sé komist að þeirri niðurstöðu að 11. gr. keppnisreglna BTÍ eigi ekki við um Grand Prix mót, þrátt fyrir að þau séu að öllu leyti sambærileg gömlu stigamótunum, að nafngiftinni frátalinni, þá beri að beita



11. gr. með löggjöfnun þar sem ekki sé tekið fram hvernig skuli auglýsa Grand Prix mót.

Kærendur byggja á því að samkvæmt 11. gr. keppnisreglna BTÍ sé mótanefnd BTÍ ekki heimilt að gefa punkta fyrir mót sem ekki uppfylla þau skilyrði sem talin eru upp í greininni. Í þessari upptalningu er ekki gert upp á milli Grand Prix móta og annarra móta. Upptalningin gildi því samkvæmt orðanna hljóðan um öll mót. Í auglýsingu þurfi m.a. að koma fram hvort raðað verði á töflu, hvenær og hvar verði dregið, gerð og litur kúlna, verðlaun og mótanefndarmenn. Á auglýsingu fyrir þetta tiltekna mót telja kærendur að ekki hafi komið fram hvernig væri raðað, hvenær yrði dregið í mótið, ekkert hafi komið fram um gerð og lit kúlna og verðlaun. Að mati kærenda sé ekki alvarlegt að ekki komi fram hvort raðað verði á töflu, en það réttlæti samt ekki brot á þeirri skyldu. Sama megi segja um verðlaun. Kærendur telja annað eiga við um hin atriðin, þau verði að teljast mjög alvarleg. Í auglýsingu hafi ekki verið tekið fram hvenær yrði dregið, heldur aðeins hvenær skráningarfrestur rynni út. Kærendur telja markmið þessarar reglu vera að tryggja að þeir sem haldi mót geti ekki dregið sínu félagi í vil. Því sé þetta brot nægilegt til að mótanefnd BTÍ sé óheimilt að veita punkta fyrir mót og hættan á að mótshaldarar láti freistast til að draga sínu félagi í vil, hvort sem það hafi gerst eður ei, sé grafalvarleg. Hér megi einnig benda á tengsl við 19. gr. keppnisreglna BTÍ sem fjalli um að félag sem sendi leikmenn á mót eigi rétt á að hafa fulltrúa viðstaddan þegar dregið er. Þessi regla sé gagnslaus ef fulltrúinn viti ekki hvenær hann á að mæta til að fylgjast með drættinum. Rétt sé að benda á þá leiðbeiningarreglu sem fram komi í 3. gr. síðareglna ÍSÍ um að forðast beri hverja stöðu sem leitt geti til hagsmunaárekstra.

Kærendur telja að það að ekkert komi fram um lit og útlit kúlna í auglýsingu hafi verið sérstaklega alvarlegt í þessu tilviki. Milli keppnistímabila á Íslandi hafi Alþjóða-  
borðtennissambandið (ITTF) breytt reglum um gerð kúlna. Samkvæmt grein 3.3. í leikreglum í borðtennis, sem birtar séu á heimasíðu BTÍ, skuli kúlan gerð úr sellulósa eða sambærilegu efni, en samkvæmt nýsamþykktum reglum ITTF megi kúlan einnig vera úr plasti, sbr. grein 2.3.3. í Rules of Regulations ITTF. Þessar breytingar séu öllum borðtennisspilurum kunnar og því mikilvægt að leikmenn viti hvaða búnað þeir spila með, sér í lagi í byrjun keppnistímabils og þegar ósamræmi sé á milli reglna BTÍ og ITTF. Telja kærendur þetta atriði einnig nægja eitt og sér til að mótanefnd BTÍ sé óheimilt að veita punkta fyrir mótið.

Þá byggja kærendur á því að samkvæmt 9. gr. keppnisreglna BTÍ skuli dómnefnd (almennt kölluð mótsstjórn), skipuð þremur mönnum auk yfirdómara og að enginn þessara manna megi taka þátt í mótinu. Af auglýsingu mótsins sé ljóst að einungis tveir menn hafi setið í mótsstjórn, þeir Pétur Stephensen fyrirsvarsmáður kærða og Daði Freyr Guðmundsson. Kærendur telja sig hafa heimildir fyrir því að Daði hafi ekki verið á staðnum þegar mótið var haldið og að Pétur Stephensen hafi tekið þátt í mótinu, þvert á reglu 9. gr. keppnisreglna BTÍ. Þessar heimildir séu óstaðfestar, en það skjóti skökku við að eini mótsstjórnarmaðurinn hafi verið keppandi í mótinu, og mögulega sá sem dró í mótið, ef satt reynist, en drátturinn var eins og áður hefur komið fram ekki auglýstur.

Þá benda kærendur á að hætta sé á að leikmenn njóti ekki jafnræðis eftir félögum þegar auglýsingar séu birtar með svo stuttum fyrirvara. Sú staða getur komið upp að leikmenn hjá því félagi sem heldur mót séu búnir að fá upplýsingar um mót löngu fyrr en aðrir leikmenn. Þetta sé sérlega bagalegt fyrir yngri leikmenn sem mæta ekki á æfingar á hverjum degi og kíkja ekki daglega á vefsíðu BTÍ og vita því ekki af móti. Sem dæmi megi nefna Breka Þórðarson, leikmanns KR, sem missti af skráningunni á þetta tiltekna mót.



Kærendur telja haldlaust að bera fyrir sig að leikmenn hafi mátt vita af mótinu þar sem dagsetning þess komi fram í mótaskrá vetrarins. Mót á mótaskrá hafi margoft fallið niður án fyrirvara og síðast í vor hafi Grand Prix mót sem kærði hélt fallið fyrirvaralaust niður.

Kærendur telja allt framanritað eiga að leiða til þess að mótið hafi verið haldið of mörgum og of stórum annmörkum til að hægt sé að gefa stig á styrkleikalista fyrir það, hvað þá Grand Prix punkta, sem séu öllu mikilvægari fyrir keppendur.

Í kæru sinni fjalla kærendur um þing BTÍ í október 2013, en ekki þykir ástæða til að gera grein fyrir þeirri umfjöllun hér.

Kærendur vísa til eftirfarandi lagaraka:

e liðar 30.1. gr. og a) lið 36.1. gr. laga ÍSÍ, 3. gr. siðareglna ÍSÍ, a) liðs 2. gr. móta- og keppendareglna ÍSÍ.

10.3. tl. 1. mgr. 10. gr., 13. gr. og 17. gr. laga BTÍ og 9., 11. og 13. gr. keppnisreglna BTÍ. Þá er vísað til 3.3. gr. leikreglna í borðtennis og gr. 2.3.3. í Rules and Regulations ITTF.

#### IV. Málátilbúnaður kærða.

Kærði sendi greinargerð í tölvupóstformi sem fullnægði ekki 26. gr. laga ÍSÍ, sbr. grein 27.5, þrátt fyrir leiðbeiningar dómara þar um.

Í greinargerðinni er byggt á því að það sé öllum leikmönnum ljóst sem stunda borðtennis á Íslandi og taka þátt í mótum að öll mót á vegum borðtennissambands Íslands eru auglýst í mótaskrá sem er aðgengileg á heimasíðu BTÍ. Þar komi fram um hvaða mót er að ræða, mótshaldari, dagsetning og mótsstaður.

Varðandi lit á kúlum í mótinu, þá hafi það ekki legið fyrir fyrir en rétt fyrir mót hvort kúlur sem nota átti væru gular eða hvítar.

Í auglýsingunni varðandi mótið hafi verið sérstaklega tekið fram að leikinn væri einfaldur útsláttur, fjórar lotur unnar, og að keppt væri einnig í B-keppni fyrir þá keppendur sem tapa í 1. umferð í opnum flokki karla og kvenna.

Kærði kveður verðlaun vera veitt í öllum mótum þ.e.s. gull, silfur og brons og svo hafi einnig verið í þessu móti, auk verðlauna frá Ölgerðinni fyrir öll verðlaunasætin í opnum flokki karla og kvenna og einnig í B-keppni.

Kærði kveður auglýsingu varðandi mótið hafa verið senda til allra formanna borðtennisfélaga á Íslandi og einnig mótanefndar.

Kærði kveður hið kærða mót vera að baki og hvorki mótanefnd Borðtennissambands Íslands né stjórn Borðtennissambands Íslands hafi ekki gert athugasemdir við að mótið yrði haldið og hafi mótið verið auglýst vel á heimasíðu borðtennissambands Íslands með áberandi auglýsingu.

Kærði kveður aðalatriðið vera að Pepsi Grand Prix mótið sem haldið var 11. okt 2014 hafi verið mjög gott mót þar sem 30 keppendur mættu, og keppendur og þeir sem að mótinu stóðu hafa haft fullan sóma af. Sjálfboðaliðar hafi unnið að mótinu í frítíma sínum í 10-12 tíma.

Kærði segir Grand Prix mótin í borðtennis vera 3-4 á keppnistímabilinu og síðan er lokamót þar sem þeir 8 keppendur í karla og kvennaflokki hafa þátttökurétt sem flesta punkta hafa fengið. Þannig segir kærði að leikmaður sem komist ekki á eitt eða tvö Grand Prix mót geti vissulega öðlast þátttökurétt í úrslitamótinu með því að mæta á 1-2 mót og standa sig vel.

#### V. Forsendur og niðurstöður.

Mál þetta fjallar um lögmati Grand Prix móts sem haldið var 11. október sl. Í reglugerð Borðtennissambands Íslands (BTÍ) um Grand Prix mót segir m.a.:



„Grand Prix mót eru opin mót í svonefndri Grand Prix mótarið BTÍ og hafa meira vægi en venjuleg mót í styrkleikalista BTÍ. Grand Prix mótin eru þrjú til fimm á hverju keppnistímabili en auk þess er lokamót Grand Prix mótaraðarinnar þar sem þeir átta í karlaflokki og þær átta í kvennaflokki, sem náð hafa bestum árangri í Grand Prix mótum tímabilsins eigast við.“ (1. mgr. 1. gr.)

Í annarri grein er fjallað um að raða skuli eftir styrkleikalista BTÍ, nema á lokamótinu. „Öll félög innan BTÍ geta sótt um að halda Grand Prix mót. Sækja skal um að halda Grand Prix mót fyrir 1. ágúst fyrir komandi keppnistímabil. Mótin skulu að öllu jöfnu haldin í september, október, nóvember, janúar og febrúar og lokamótið fer fram í apríl. Félög skulu miða við framangreinda mánuði í umsóknum sínum. Í umsóknum skal koma fram dagsetning fyrirhugaðs móts og önnur dagsetning til vara ef kostur er, keppnisstaður og hverjir haldi mótið. Mótanefnd skal svara umsóknum fyrir 1. september fyrir komandi keppnistímabil. Leitast skal við að Grand Prix mót skuli haldin af sem flestum félögum og skal mótanefnd gæta fyllsta jafnréttis í því sambandi.“ (4. gr.)

Af framangreindu er ljóst, að um er að ræða mótarið á vegum Borðtennissambands Íslands, þó einstök félög haldi hvert mót í undankeppninni. Borðtennissamband Íslands er ekki aðili að máli þessu. Við flutning málsins, eftir að gagnaðflun var lýst lokið, óskaði kærði eftir því að fá að leggja fram greinargerð BTÍ um þetta mál, en því hafði eftir upplýsingum sem fram komu við málflutning, verið skotið til stjórnar BTÍ áður en það kom til kasta dómstóls ÍSÍ. Virðist þannig sérstök greinargerð hafa verið unnin af BTÍ. Kærendur mótmæltu framlagningu slíkrar greinargerðar við flutning málsins og upplýsti sá kærandi sem flutti málið fyrir kærendur að hann hefði ekki áður heyrt af umræddri greinargerð BTÍ. Var málflutningur kláraður án þess að greinargerð BTÍ væri lögð fram, enda kærði ekki með hana við flutning málsins, en aðilum kynnt að dómari kynni að telja ástæðu til að endurupptaka málið ef hann teldi þörf á að leggja fyrir aðila að afla gagna um ákveðin atriði sem máli skipta.

Virðast aðilar þannig sammála um að BTÍ hafi verið kunnugt um málið og mátti ráða við aðalmeðferð málsins að BTÍ hafi verið kunnugt um að málinu hafi verið skotið til dómstóls ÍSÍ.

Borðtennissamband Íslands hefur ekki óskað eftir aðild að máli þessu, eins og því var heimilt, sbr. grein 25.1. í lögum ÍSÍ.

Af hálfu kærða hefur ekki verið byggt á aðildarskorti í máli þessu. Engu að síður verður að telja að dómara beri að gæta að því ex officio að máli sem þessu, þar sem dómkrafan er m.a. að mót verði endurtekið, það dæmt ógilt og ekki gefin stig í samræmi við úrslit þess, sé beint að réttum aðila. Enda er ekki gert ráð fyrir því í lögum ÍSÍ, nema í svonefndum lyfjamálum, að aðrir en aðilar máls geti áfrýjað efnislegru niðurstöðu þess.

Sé fallist á aðildarskort ber að sýkna, sbr. hér til hliðsjónar 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Eins og rakið er hér að framan úr reglum BTÍ um Grand Prix mót, þá er um að ræða mótarið BTÍ, þó einstök mót í undankeppninni séu haldin af mismunandi félögum sem sækja um mótahaldið. Er það mat dómsins að dómkrafa um endurtekningu Grand Prix móts eða ógildingu þess að öllu leyti eða hluta, verði að beina að BTÍ, sem m.a. ber ábyrgð á styrkleikaskráningu og útreikningi á stöðu leikmanna hvað varðar Grand Prix punkta. Ekki verður séð að hægt sé að taka málið til efnislegrar umfjöllunar án aðildar BTÍ, en enga umfjöllun er að finna í kæru um ákvörðun kærenda á því hver skuli vera kærði í máli þessu.

Dómari hefur heimild samkvæmt grein 27.7 í lögum ÍSÍ að óska eftir skriflegum athugasemdum frá sérsambandi eða öðrum sem mál varðar. Að mati dómsins nýtist þessi heimild til að fá inn í málið sjónarmið hagsmunaaðila, sem geta verið margir, en hún geti ekki nýst við að laga ágalla á aðild málsins. Um það hafi aðilar forræði á, með þeirri undantekningu sem leiðir af grein 25.1 í lögum ÍSÍ.

Að mati dómsins er ekki unnt að útiloka, að kærði geti einnig átt aðild að málinu og að rétt sé að honum verði gert að þola dóm, yrði fallist á kröfur kæranda. Því telur dómurinn ekki rétt að sýkna kærða vegna aðildarskorts, heldur verður að telja réttara að vísa málinu frá dómi, þar sem aðild varnarmegin sé vanreifuð og gölluð.

Samkvæmt framansögðu er máli þessu vísað frá dómi.

Úrskurð þennan kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari í dómstól ÍSÍ.

#### Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærendum er bent á ákvæði 24.3 í lögum ÍSÍ, en þar segir: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með. Þá er kærendum einnig bent á ákvæði 33.1 í lögum ÍSÍ, en þar segir að heimilt sé að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ og af grein 33.3 leiðir að frestur til að skjóta máli til áfrýjunardómstóls er ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna.

Dómþingi slitið

Hilmar Gunnlaugsson.

